

III. Dagpeningar vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa skv. 8. gr.:

	Evrópa	Ameríka
Á fyrstu 30 dögum dvalar	£ 8.50	\$ 27.00
Á næstu 60 dögum dvalar	£ 7.50	\$ 24.00
Á þar næstu 60 dögum dvalar	£ 6.00	\$ 19.00
Fyrir hvern dag fram yfir 150 daga	£ 4.50	\$ 14.00

11. gr.

Um dagpeninga fyrir starfsfólk, sem eru meðlimir í aðildarfélagi Alpýðusambands Íslands, gildir samningur sá, sem á hverjum tíma er í gildi milli Alpýðusambands Íslands annars vegar og Vegagerðar ríkisins hins vegar.

12. gr.

Um dagpeninga mælingamanna og annarra, sem vinna við sérstök skilyrði, gilda reglur, sem fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, setur.

13. gr.

Reglur utanríkisráðuneytisins um greiðslu ferðakostnaðar starfsfólks, sem flyzt búferlum milli landa á þess vegum, skulu gilda óbreyttar.

14. gr.

Þegar ríkisstofnun ferðatryggir starfsmann, skal það gert fyrir milligöngu Innkaupastofnunar ríkisins, eftir sérstökum reglum, sem þar um gilda.

15. gr.

Komi upp ágreiningur um gildissvið eða efni þessara reglna, skal fjármálaráðherra úrskurða þar um.

16. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði 25. gr. 1. nr. 92/1955 og gilda frá 1. maí 1973. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 199 1. september 1970.

Í fjármálaráðuneytinu, 2. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Gísli Blöndal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 51 15. maí 1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Á hjólum bifreiðar skulu vera hjólbarðar úr gúmi, hæfilega loftfylltir. Slitflötur hjólbarða skal vera mynztraður og skulu raufar í mynztrinu vera a. m. k. 1 mm á dýpt.

Hjólbarðar skulu vera gallalausir, og þeim skal vera réttilega fyrir komið. Hjólbarðar á sama öxli skulu vera af sömu stærð og gerð. Nú er bifreið, sem er innan við 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, ekki búin sömu gerð hjólbarða á framöxli og afturöxli, og skal þeim þá komið fyrir sem hér segir:

a. Hjólbarðar með skáböndum (diagonal) að framan, en hjólbarðar með þverböndum (radial) að aftan.

b. Hjólbarðar með skáböndum og beltum að framan, en hjólbarðar með þverböndum að aftan.

c. Hjólbarðar með skáböndum að framan, en hjólbarðar með skáböndum og beltum að aftan.

Þegar snjór eða ísing er á vegi, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, t. d. hjólbarða með grófum mynztrum eða með nöglum, sem veitt getur viðnám. Eigi leysir notkun þessa búnaðar öllum undan því að sýna ýtrustu varúð í akstri.

Keðjur skulu þannig búnar, að fjarlægð milli þverbanda sé ekki meiri en svo, að eitt faststrengt band snerti akbrautina. Á vegi með föstu slitlagi er óheimilt að nota keðjur, sem valdið geta óeðlilegu sliti á yfirborði vegarins.

Þegar bifreið, sem er innan við 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, er búin negldum hjólbörðum, skulu öll hjól vera með negldum börðum. Heimilt er þó að nota keðjur á hjólum eins öxuls og neglda hjólbarða á öðrum. Á bifreið, sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða meir og búin er negldum hjólbörðum, skulu hjól á sama öxli vera með negldum börðum. Naglar skulu vera sem næst jafnmargir á hverjum hjólbarða. Þegar tvöföld hjól eru á öxli nægir, að annar hjólbarðinn sé negldur, enda séu negldir hjólbarðar þá samhverfir um lengdarás bifreiðar.

Hámarksfjöldi nagla á hverjum hjólbarða bifreiðar, sem er innan við 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, er 110, ef hjólbarði er 15" eða minni, ella 150. Hver nagli má eigi vera þyngri en 4 g, og má hann eigi standa lengra út úr hjólbarða en 1.2 mm, miðað við nýnegldan barða, áður en hann er tekinn í notkun.

Naglar í hverjum hjólbarða bifreiðar, sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða meir, mega vera allt að 150, enda séu þeir eigi þyngri en 8 g hver og standi eigi meir en 2 mm út úr hjólbarða, miðað við nýnegldan barða, áður en hann er tekinn í notkun. Þó mega naglar vera allt að 250, enda sé þá farið eftir ákvæðum um bifreiðir, sem eru innan við 3500 kg að leyfðri heildarþyngd.

Óheimilt er að nota rörnagla, oddhvassa nagla eða aðrar áþekkar gerðir nagla.

Notkun keðja og negldra hjólbarða er óheimil á tímabilinu frá 1. maí til 15. október, nema þess sé þörf vegna sérstakra akstursskilyrða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 20. maí 1973.

Ákvæði 5., 6. og 7. efnismálsgr. 1. gr. gilda um neglda hjólbarða, sem teknir verða í notkun frá 15. október 1973, nema negling hafi átt sér stað fyrir 1. júní 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. maí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.